



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar) (300. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum um tekjuskatt er varða útgreiðslu váttryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga.

Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að ekki verði skattlögð útgreiðsla váttryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember 2010. Í skýrslu Viðskiptaráðs og Samtaka Atvinnulífsins sem kom út í september 2010, *Skattkerfi atvinnulífsins*, var lögð til breyting á lögum um tekjuskatt í þá átt að allur vafi yrði tekin af um að eignaaukning vegna eingreiðslubóta úr sjúkdómatryggingum skuli vera undanþegin tekjuskatti.

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að undanþegar verðir frá skatti þær sjúkdómatryggingar sem keyptar voru fyrir 1. desember 2010, en þær sem voru keyptar eftir það tímamark verði skattskyldar. Hér er því ekki gengið jafnlangt og tillögur í fyrrnefndri skýrslu báru með sér.

Sjúkdómatrygging er höfuðstólstrygging, þar sem bótafjárhæð er greidd út í einu lagi þegar váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma sem váttryggingin tekur til eða verður fyrir varanlegri örorku af völdum skilgreinds váttryggingaratburðar. Flestir sjúkdómar og fötlun sem sjúkdómatrygging nær til eru þess eðlis að hafa í för með sér varanlegar afleiðingar svo sem örorku.

Váttryggingafélögin hafa frá upphafi gengið út frá því að líta beri á bætur úr váttryggingunni sem eignaauka sem telst ekki til tekna. Ákvæðið mun hafa verið óbreytt frá 1963. Samkvæmt 2. tl. 28. gr. laga um tekjuskatt skal ekki teljast til tekna eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingafjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Sjúkdómatrygging flokkast sem líftrygging samkvæmt skilgreiningu í lögum um váttryggingarsamninga.

YSKN¹ og héraðsdómur² komust að þeirri niðurstöðu að þar sem ekki er sérstaklega tiltekið að sjúkdómatrygging falli undir 2. tl. 28. gr. sé greiðsla vegna hennar skattskyld. Í úrskurði YSKN var byggt á eftirfarandi forsendum:

Í úrskurði yfirkattanefndar var talið að úrlausn málsins ylti á því hvort umrædd greiðsla til kæranda gæti talist „greiðsla líftryggingafjár“ í skilningi undanþóguákvæðis 2. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003. Kom fram að þótt hugtakið líftrygging væri ekki skilgreint sérstaklega í löggjöf um váttryggingarsamninga yrði þó allt að einu að telja að hugtakið hefði nokkuð

¹ Úrskurður YSKN nr. 93/2009

² Dómur héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-10220/2009

fastmótaða merkingu í íslenskum rétti og almennri málvenju þannig að með líftryggingu væri átt við váttryggingu þar sem tryggt væri gegn dánaráhættu þann tíma sem váttryggingarsamningur væri við lýði þannig að váttryggingaraburður yrði annað hvort við andlát váttryggðs eða við lok samningstíma, þ.e. þegar tilteknum aidri væri náð. Var ekki talið að hinar umdeildu tryggingabætur vegna sjúkdóms kæranda gætu talist „greiðsla líftryggingafjár“ í skilningi 2. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003

Ekki er vitað til þess að eignaauki vegna þessara bóta hafi verið skattlagður áður en niðurstaða yfirskattanefndar og héraðsdóms lágu fyrir. Jafnræðissjónarmið mæla með því að þeirri framkvæmd verði haldið áfram. Þá mæla velferðarrök með því að ekki sé tekinn tekjuskattur af bótum úr sjúkdómatryggingum. Enda er með skattlagningu bótanna verið að sækja fjármagn til þeirra sem lenda í alvarlegum heilsufarsvanda og hafa keypt sér að því þeir töldu skattfrjálsa tryggingu til að mæta slíkum vanda. Skattskylda bóta er tvísköttun og felur í sér auknar álögur á þá sem eiga um sárt að binda vegna alvarlegra sjúkdóma eða fötlunar.


Sú niðurstaða að skattleggja með þessum hætti sjúkdómatryggingar hlýtur því að fara gegn grunnsjónarmiðum velferðarkerfis. Ef litið er til eðli þeirra greiðslna sem falla undir 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaga sést að sjúkdómatryggingar falla í flokk með þeim undantekningum sem þar koma fram. Hafi það verið handvömm að hafa hana ekki með í þeirri upptalningu er erfitt að segja en ljóst er að skilningur allra aðila sem að málinu koma, hvort sem tryggingarfélag, tryggingaraðila eða skattyfirvalda, að svo hafi átt að vera. Af afskiptaleyzi skattyfirvalda má draga þá ályktun að þeir hafi talið þessar tryggingargreiðslur vera hluti undantekninga í 2. tl. 28. gr.

Þarf hér því aðeins leiðréttingar við á þeim mistökum sem urðu í upptalningu 28. gr. þannig að undantekningar skattskyldu ná til greiðslna úr sjúkdómatryggingum. Augljóst sanngirnissjónarmið blasir hér við.

Það er því mat Viðskiptaráðs að ofangreint frumvarp gangi ekki nægilega langt í að undanskilja greiðslur úr sjúkdómatryggingu skattskyldu. Réttara væri að bæta í upptalningu ákvæðis 2.tl. 28.gr. tekjuskattslaga að tryggingarnar falla þarna undir. Ekki verður tekið undir með ofangreindu frumvarpi að skattleysi eigi aðeins að ná til 1. desember 2010, enda ekki með góðu hægt að átta sig á hvers vegna þetta tímamark varð fyrir valinu, ekki er að finna neinn rökstuðning í greinargerð með frumvarpinu fyrir því. Einnig er ekki fjallað um það afhverju sjúkdómatryggingar eru ekki látnar falla undir ákvæði 2.tl. 28.gr. tekjuskattslaga, eins og eðlilegt verður að teljast. Sjái fjármálaráðuneytið möguleika á tekjuöflun í ríkissjóð með þessari skattlagningu verður að kæfa þá hugsun niður í fæðingu. Með engu móti getur það talist sanngjarnt að leggja tvísköttun á með þessum hætti vegna greiðslna sem rekja má til sjúkdóma og veikinda. Tekjuöflun ríkisins verður að setja mörk og þau m.a. hljóta að liggja hér.

Viðskiptaráð leggur til að gengið verði lengra með undanþágu skattlagningar váttryggingarbóta vegna sjúkdómatrygginga og þær felldar undir undanþágur 2.tl. 28.gr. tekjuskattslaga til frambúðar.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands